


# Innrennslikerfi notað til að gefa Remodulin<sup>®</sup> í bláæð

Upplýsingar ætlaðar sjúklingum





## Lykilskilaboð

Þú færð þjálfun í að nota innrennsliskerfið áður en þú getur notað það heima við. Það krefst þjálfunar að nota tækið af öryggi á eigin spýtur. Þessum bæklingi er ætlað að leiðbeina þér við þjálfunina. Hafðu hann endilega með heim til að rifja upp lykilskilaboðin og geymdu hann á öruggum stað. Ef til vill langar þig að biðja fjölskylduna, eða þann sem annast þig, að lesa hann líka.

Í fyrri hluta bæklingins er að finna kynningu á lyfinu og innrennsliskerfinu.

- Skipta skal um lyfjageymi og innrennslisslöngu daglega (á 24 klst. fresti).
- Skipta skal um tengi á lokaðan krana að minnsta kosti á 7 daga fresti.
- Skipta skal rösklega frá gamla yfir í nýja innrennsliskerfið þannig að ekki verði hlé á lyfjagjöfni.
- Ekki skal hætta notkun lyfsins nema samkvæmt fyrirmælum læknis.

Síðari hluti bæklingins lýsir því hvernig halda á innrennsliskerfinu eins hreinu og kostur er. Berist bakteríur inn í blóðrásina geta hlotist af því alvarleg veikindi.

- Fylgjast skal daglega með merkjum um sýkingu þar sem slangan fer inn í líkamann.
- Halda skal öllum tengjum kerfisins þurrum, því oft eru bakteríur í vatni.
- Látið ekki innrennsliskerfið í vatn og farið ekki í sund með það.
- Reglulega skal skipta um umbúðir og þrifa húð. Skipta skal um sæfðar gegnsæjar umbúðir að minnsta kosti á 7 daga fresti og grisjuumbúðir að minnsta kosti annan hvern dag.

Hafa skal samband við lækni eða hjúkrunarfræðing hvenær sem spurningar vakna.



## Efnisyfirlit

<b>1. Um lyfið</b>	<b>6</b>
▪ Lyfið.....	6
▪ Að velja innrennsliskerfi .....	6
▪ Hvernig innrennsliskerfið mun líta út.....	7
▪ Um dæluna .....	8
▪ Innrennsliskerfið notað .....	9
<b>2. Hvernig koma má í veg fyrir sýkingu í blóðrás</b>	<b>10</b>
▪ Fylgst með merkjum um sýkingu .....	10
▪ Handþvottur .....	10
▪ 6 þrepa þrifatækni .....	11
▪ Hreint vinnusvæði .....	12
▪ Lyfið dregið upp og blandað .....	12
▪ Tengjum haldið þurrum .....	13
▪ Tengji á lokaðan krana notuð .....	14
▪ 0,2 míkrona sía í innrennslislínu notuð .....	14
▪ Umbúðir þar sem slangan fer inn í líkamann .....	15

## 1. Um lyfið

### Lyfið

Heiti lyfsins er Remodulin. Þér er gefið þetta lyf vegna þess að þú ert með háan blóðþrýsting í lungnaæðum. Þetta nefnist „lungnaháþrýstingur“ eða „pulmonary arterial hypertension“, skammstafað PAH.

Remodulin fer rակleiðis inn í eina af stóru, djúpstæðu bláæðunum með hjálp slöngu. Þessi slanga nefnist æðaleggur í miðlæga bláæð (CVC). Bláæðarnar sem oftast eru notaðar eru í hálsi, brjóstkassa eða nára.

Til að komast inn í bláæðarnar er Remodulin gefið með svokölluðu „innrennsliskerfi“. Bæklingur þessi er hluti af þjálfun í því að nota innrennsliskerfið.

Athugið að einnig er mikilvægt að lesa fylgiseðilinn sem fylgir í Remodulin-öskjunni, en þar eru nánari upplýsingar um lyfið, m.a. um aukaverkanir sem kunna að koma fram.


### Að velja innrennsliskerfi

Læknirinn hjálpar þér við að velja það innrennsliskerfi sem hentar þér best. Vera kann að þú munir taka lyfið á þennan hátt mánuðum eða árum saman þannig að það skiptir miklu máli að geta notað þann búnað sem í boði er.

Þú færð þjálfun í að nota innrennsliskerfið áður en þú getur notað það heima við. Það krefst þjálfunar að nota tækið af öryggi á eigin spýtur.

Hafa skal samband við lækni eða hjúkrunarfræðing hvenær sem spurningar vakna.

## Hvernig innrennslikerfið mun líta út



Myndin hér að ofan er dæmi um innrennslikerfi. Hún sýnir hvernig innrennsli-slanga (æðaleggur í miðlæga bláæð) fer inn í stóra, djúpstæða bláæð í brjóstakassa. Þetta kerfi notast við „Canè Crono Five“ dælu, sprautu fyrir lyfjageymi og 0,2 mícrona síu í innrennslínu. Þessu verður lýst nánar í bæklingnum. Innrennslikerfi þitt gæti lítið svolítið öðruvísi út, allt eftir dælu og öðru því sem notað verður.

## Um dæluna

Í innrennsliskerfinu er lítil dæla sem flytur lyfið gegnum slöngu inn í líkamann. Dælan vinnur hljóðlátt í bakgrunninum og skammtar þér lyfið allan sólarhringinn. Hér fyrir neðan má sjá tvær gerðir af dælum.

- Læknirinn segir þér hversu mikið þú þarft af lyfinu. Hann segir þér enn fremur hvernig stilla skuli innrennslisraða dælnnar.
- Þú útbýrð lyfið og setur það í lyfjageymi sem tekur nægilegt magn af lyfinu til að það endist þér í einn dag (heilan sólarhring). Skipta skal um lyfjageymi og innrennslisslöngu daglega (á 24 klst. fresti).
- Þetta þarf að útbúa rétt áður en sólarhringurinn er liðinn. Skipta skal rösklega frá gamla yfir í nýja kerfið þannig að ekki verði hlé á lyfjagjöfni.
- Aðeins má nota hvern lyfjageymi í 24 klst., jafnvel þótt enn sé eitthvað eftir af lyfinu. Þetta er vegna þess að lyfið fynist eftir 24 klst.

Til eru tvær gerðir af dælum:

**Heiti:** Canè Crono Five®

**Frágangur:** klemmd á ól eða höfð í litlu hulstri um hálsinn.

**Stærð:** 77 x 47 x 29 mm og vegur um það bil 115 g

**Geymir:** lyfið er gefið úr 20 ml sprautu.



**Heiti:** CADD Legacy®

**Frágangur:** í posa um mittið eða yfir öxl.

**Stærð:** 112 x 97 x 41 mm og vegur um það bil 391 g

**Geymir:** lyfið er gefið úr 50 ml eða 100 ml kassettupoka.





### **Innrennisliskerfið notað**

Ekki skal hætta notkun lyfsins nema samkvæmt fyrirmælum læknis. Þetta er vegna þess að einkennin gætu versnað. Ef það gerist, gætirðu fljótlega fundið fyrir vanlíðan, mæði og svima.

Til þess að innrennisliskerfið sé alltaf í gangi:

- fylgjast skal með innrennisslöngu daglega til að ganga úr skugga um að á henni séu engin brot eða laus tengi
- gæta skal að hvort æðaleggsklemma (ef um slíkt er að ræða) sé opin þegar hún er í notkun

Einnig er mikilvægt að eiga til vara innrennislisdælu, lyfjageymi, innrennisslöngu og tengi á lokaðan krana – ef til þess kæmi að einhver þessara hluta skyldi hætta að virka óvænt.

## 2. Hvernig koma má í veg fyrir sýkingu í blóðrás

Hér er lýst ýmsum gagnlegum leiðum til að koma í veg fyrir sýkingu í blóðrás. Berist bakteríur inn í blóðrásina geta hlotist af því alvarleg veikindi.

- Allar miða þessar leiðir að því að halda innrennislískerfinu eins hreinu og kostur er.
- Hluti af þjálfuninni felst í því að læra réttu „hreinu“ aðferðina við að setja upp innrennislískerfið.

### Fylgst með merkjum um sýkingu

Daglega skal gæta að merkjum um sýkingu. Ef rífa þarf upp kanta á umbúðunum til að skyggjast undir þær, skal skipta um umbúðir.

Hafðu samstundis samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef vart verður við eitthvert eftirtalinn merkja um hugsanlega sýkingu:

- roða, hita eða eymsli í húð kringum staðinn þar sem slangan fer inn
- það vætlar úr eða óþef leggur frá staðnum þar sem slangan fer inn
- sótthita, kuldahroll, þrautir og verk – eins og ef þú værir með flensu
- almenn vanlíðan.

### Handþvottur


Nauðsynlegt er að þvo sér vandlega um hendurnar áður en innrennislískerfið er útbúið á hverjum degi.

Fyrst skal taka af sér alla skartgrip á úlnið og höndum.

- Notið fljótandi sýkladrepani sápu. Notið ekki sápuþykki, því bakteríur geta vaxið á yfirborði þess.
- Nota skal sprittgel ef fljótandi sýkladrepani sápa og hreint rennandi vatn er ekki við höndina.

## Notið 6 þrepa þvottatækni eins og hér er lýst:

**1.** Núið saman lófnum og nuddið sápu inn í húðina.



**2.** Setjið hægri hönd yfir handarbak vinstri handar og nuddið milli fingranna. Skiptið nú um og endurtakið þetta með vinstri lófa yfir handarbaki hægri handar. Færið höndina fram og aftur til að vera viss um að sápu sé nuddað inn í húðina.



**3.** Leggið lófana saman á ný en krækið nú saman fingrunum. Nuddið til beggja hliða.



**4.** Losið um krækta fingurna. Kreppið hægri hnefann og nuddið krepptum fingrunum inni í vinstri lófa. Skiptið nú um og



endurtakið þetta með krepptum vinstri hnefa.

**5.** Krækið saman þumalfingrum. Snúið vinstri þumli og núið honum við hægri þumal. Skiptið nú um og endurtakið þetta með hægri þumli og núið honum við vinstri þumal.



**6.** Setjið fingurgóma hægri handar inn í lófa vinstri handar. Núið þeim saman með hringhreyfingum. Fyrst réttsælis og síðan rangsælis. Skiptið nú um og endurtakið þetta með fingurgómum vinstri handar.



Þvoið ykkur um hendurnar undir rennandi vatni frá úlnið fram á fingurgóma – gerið þetta í að minnsta kosti 20 sekúndur. Dýfið höndunum aldrei í kyrrt vatn því þar geta vaxið bakteríur. Nota skal pappírspurrkur til að þurrka hendurnar og skrúfa fyrir krana. Fleygið síðan þurrkunum í ruslið.

### Hreint vinnusvæði

Veljið svæði sem gæludýr koma hvergi nærri, sem er almennt haldið hreinu og þar sem er gott næði. Áður en nokkur hlutur er opnaður sem nota skal eru vinnuflötur og undirbúningsbakki þrífir vandlega með sýkladrepani þurrku.

### Lyfið dregið upp og blandað

Gætið að fyrningardagsetningu alls þess sem nota skal. Gætið einnig að því hvort allir vökvar séu tærir og án agna. Nota má Remodulin hettuglasið í allt að 30 sólarhringa eftir fyrstu notkun.

- Nota skal alkóhólvætta þurrku til að þrifa gúmmítappann efst á hettuglasinu.
- Stingið nálinni stutt inn í gúmmítappann undir 45 gráðu horni. Gangið úr skugga um að sniðbrún nálarinnar snúi upp.
- Síðan er nálin reist upp í 90 gráðu horn áður en henni er þrýst alveg inn í tappann. Þetta kemur í veg fyrir að göt myndist í gúmmítappanum með tímanum (göt sem hleypa inn bakteríum úr andrúmsloftinu).
- Snertið ekki tengi með fingrunum meðan lyfið er undirbúið.

## Tengjum haldið þurrum

Oft eru bakteríur í vatni. Þetta þýðir að það er mikilvægt að halda vatni frá innrennsliskerfinu.

- Takið innrennsliskerfið ekki í sundur ef eitthvert tengjanna er blautt – látið þau fyrst þorna náttúrulega (þ.e. ekki þurrka þau).
- Vefjið vatnsheldri hlíf kringum tengin á meðan þvegið er. Þetta kemur í veg fyrir að tengin blotni. Þegar öllu er lokið og líkaminn orðinn þurr skal fjarlægja vatnsheldu hlífina og fleygja henni í ruslið.
- Látið ekki innrennsliskerfið í vatn og farið ekki í sund með það.
- Aftengið ekki innrennsliskerfið til að fara í bað, sturtu eða sund.



Vatnsheldum umbúðum vafið um tengi til að halda því þurru

### Tengi á lokaðan krana notað

„Tengi á lokaðan krana“ virka eins og hleri á gildru. Þetta stuðlar að því að fækka þeim skiptum sem innrennisliskerfið er opnað fyrir bakteríum í andrúmsloftinu. Nota skal alkóhólvætta þurrku til að þrifa tengi á lokaðan krana í hvert skipti sem slangan er tekin út. Skipta skal um tengi á lokaðan krana að minnsta kosti á 7 daga fresti.

### 0,2 míkrona sía í innrennislínu

Sumar slöngur eru með innbyggða síu til að fjarlægja þær bakteríur sem komast inn í kerfið. Ef slangan er ekki nú þegar með innbyggða síu, ætti að bæta „0,2 míkrona síu í innrennislínu“ á milli dælu og tengis á lokaðan krana. Skipta skal um hana daglega (á 24 klst. fresti) um leið og skipt er um innrennisslöngu og lyfjageymi.

0,2 míkrona sía í innrennislínu



## Umbúðir þar sem slangan fer inn í líkamann

Húðin í kringum staðinn þar sem slangan fer inn í líkamann skal alltaf vera hulin með umbúðum. Þannig helst svæðið hreint, þurrt og laust við bakteríur. Gætið að umbúðunum daglega. Ef umbúðir verða rakar, lausar eða óhreinar skal skipta um þær tafarlaust.

Nota má tvenns konar umbúðir:

- „sæfðar gegnsæjar“ umbúðir (skipta skal um þær að minnsta kosti á sjö daga fresti).
- „sæfðar grisjur“ (skipta skal um þær að minnsta kosti annan hvern dag).

Hægt er að horfa í gegnum „sæfðar gegnsæjar“ umbúðir. Þetta getur auðveldað þér daglegt eftirlit. En nota má sæfðar grisjuumbúðir ef þú kýst þær umbúðir heldur.

Þessum bæklingi er ætlað að leiðbeina þér við þjálfunina. Hafðu hann endilega með heim til að rifja upp lykilskilaboðin og geymdu hann á öruggum stað. Ef til vill langar þig að biðja fjölskylduna, eða þann sem annast þig, um að lesa hann líka.

Hafa skal samband við lækni eða hjúkrunarfræðing hvenær sem spurningar vakna.

Þessi bæklingur er hugsaður sem aðstoð við heilbrigðistarfsfólk og sjúklinga og er gefinn út af



Unither House, Curfew Bell Road  
Chertsey, Surrey KT16 9FG  
© United Therapeutics Europe, Ltd. 2011

PB-IS Útgefið: maí 2013

Kóði: EU/MA/JUN13/094